

Kennara handbók

Ráðleggingar varðandi kennslu um þvingaða
fólksflutninga í grunn- og framhaldsskólum og notkun
á handbók UNHCR er varðar kennslufni um flóttafólk.

Kennsluvefur UNHCR um flóttafólk
<https://www.unhcr.org/teaching-about-refugees.html>



INNGANGUR

Takk fyrir að hlaða niður leiðbeiningahandbók UNHCR (Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna) er varðar kennslufni um flóttafólk. Þessi bæklingur veitir þér upplýsingar og hugmyndir um kennslufræðilegar nálganir um hvernig skal kenna um þvingaða fólksflutninga og hvernig hægt er að innleiða kennslufnið um flóttafólk í námsskrá ykkar.

Ástæður verða upptaldar fyrir því hvers vegna ætti að kenna um fólk á flótta í skólum og upplýsa nemendur um viðfangsefnið. Þú munt einnig lesa um þær áskoranir sem gætu orðið á vegi þínum við að kenna börnum á flótta, sérstaklega þegar þau eru enn á aðlögunarstigi og að venjast nýju umhverfi eftir að hafa verið neydd á flótta.

Nálganirnar virðast ólíkar en það er hægt að líta á þær sem tvær mismunandi hliðar á sömu kennslufræðilegu hliðinni.

Börn á flótta sem eru í bekk þar sem kennarar og börn eru upplýst um *hvaðan þau koma, hvers vegna þau eru á flótta og hvernig þau komu inn í hið nýja samfélag*, munu upplifa aðstæðurnar sem upplýst og uppbyggilegt kennsluumhverfi, öfugt við þau börn sem fá aðsetur í samfélögum sem hafna þeim. Það mun gagnast bæði kennurum og nemendum að *skilja betur sumar af brýnustu áskorunum heims*, meðal annars um stríð og þvingaða fólksflutninga.

Að öðlast menntun eru mannréttindi og grundvallarréttur flóttafólks í móttökulandi sínu. Menntun er einnig undirstaða þess að börn á flótta og fjölskyldur þeirra geti endurbyggt líf sitt og dafnað í nýju landi.

Við vonum að þessi tvíþætta kennslufræðilega nálgun um *kennslu um* og *kennslu fyrir* flóttafólk muni verða bæði nemendum á flótta, kennurum þeirra og nemendum sem taka á móti þeim, til góðs.



Teaching About Refugees

Hver erum við?

[UNHCR, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna](#), er alþjóðleg stofnun tileinkuð því að bjarga lífum, varðveita réttindi og byggja betri framtíð fyrir fólk sem neyðist til að flýja heimili sín vegna átaka og ofsókna.

Við leiðum alþjóðlegar aðgerðir til að vernda fólk á flótta, samfélög sem hafa neyðst til flutninga og ríkisfangslaust fólk.

Við veitum lífsnauðsynlega aðstoð, hjálpum til við að standa vörð um grundvallar mannréttindi og þróum lausnir sem tryggja að fólk eigi öruggan stað sem það geti kallað heimili og eignast betri framtíð. Við vinnum einnig að því að ganga úr skugga um að ríkisfangslaust fólk öðlist ríkisfang.

Við störfum í yfir 130 löndum og notum okkar sérþekkingu til þess að vernda og sjá fyrir milljónum manna.

Notkunarleiðbeiningar



Á netinu

Þessi handbók er gagnvirkt PDF skjal. Þú getur opnað skjalið, lesið það í tölvu þinni og smellt á hlekk til þess að skoða samsvarandi kennslufni á [kennslufel UNHCR er varðar kennslufni um fólk á flóttu](#) - tölvu þín mun opna nýjan glugga í hvert sinn sem þú smellir á nýjan hlekk.

Þetta er einföld leið til að fara á milli handbókarinnar og vefsíðunnar.



Án nets


Ef þú hefur ekki aðgang að tölvu, spjaldtölvu eða einhvers konar tæki til að lesa á, þá getur þú **prentað handbókina** út, lesið og nýtt viðkomandi aðferðafræði í kennslu. Hagkvæmast væri að nálgast kennslufnið á netinu eða að fá einhvern til að hlaða því niður fyrir þig.

Hugsaðu um umhverfi þitt þegar þú notar prentara. Þú skalt einungis prenta út handbókina ef nauðsynlegt er að hafa aðgang að útprentuðu eintaki.



Teaching
About
Refugees

Hægt er að nálgast vefsíðuna með Kennslufni um flóttafólk á unhcr.org/teaching-about-refugees



Kennsluaðferð #1

Að kenna um flóttafólk

Fjöldi þeirra sem neyðast til að yfirgefa heimili sín vegna stríðs, ofbeldis eða ofsókna hefur aldrei verið meiri síðan í lok seinni heimstyrjaldar. Í sumum löndum hefur verið stríð, átök eða ofbeldi í mörg ár og jafnvel í áratugi. Þar að auki hafa ný átök sprottandi upp sem hefur leitt til þess að enn fleira fólk hefur þurft að flýja sínar heimaslóðir. Heimurinn stendur frammi fyrir fordæmalausri nauðungarflóttakreppu.

Þar af leiðandi eru internetið og samfélagsmiðlar iðandi af upplýsingum og skoðunum á umræðuefni um fólk á flóttu og er fólk á flóttu oft í fyrirsögnum fréttu nú á dögum. Því miður er ógrynni af ónákvæmum, úreltum og röngum upplýsingum til. Að öðlast skilning á því hvað þvingaðir fólksflutningar og önnur flókin málefni sem tengjast þeim eru, hefur orðið sífellt meira krefjandi fyrir nemendur, kennara og foreldra. Í einhverjum tilfellum geta óvandaðar og villandi upplýsingar ýtt undir fordóma.

Kennarar og skólar gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að veita börnum og ungu fólki þá kunnáttu sem þarf að hafa til að skilja málefnið.

Kennarar og skólar geta kennt ungu fólki að aðgreina staðreyndir frá skáldskap og skoðunum. Skólaumhverfið getur stuðlað að betri skilningi milli nemenda á flóttu og móttökulandi þeirra, sem mun einnig stuðla að umhverfi án aðgreiningar og ýtir undir fjölbreytilegt námsumhverfi.

Kennsluaðferð #2

Að kenna flóttafólki

Börn á flóttu standa oft frammi fyrir flóknum áskorunum þegar þú byrja í skóla í nýju landi. Þau þurfa að læra nýtt tungumál, aðlagast öðruvísi menningu, öðruvísi skólakerfi og nýju lífi. Þau þurfa oft að fara yfir það námsefni sem þau höfðu ekki möguleika á að sinna vegna flóttans. Þessar áskoranir eru oft einungis viðbót við önnur vandamál, svo sem hugsanleg streita og áföll sem stafar af ferðalagi þeirra í öruggt skjól og vegna félagslegra og efnahagslegra áskoranna inni á heimili og í fjölskyldulífi þeirra.

Fyrir flest börn á flóttu, sem þurfa á alþjóðlegri vernd að halda eða eru ríkisfangslaus, er skólaganga eitt af því mikilvægasta sem þau geta gert til þess að líf þeirra komist í venjulegt horf eftir flóttann.

Skóli veitir öruggt umhverfi. Hann stuðlar að skipulögðum degi. Hann gerir börnum kleift að eiga félagsleg samskipti við aðra. En fyrst og fremst veitir hann börnum kunnáttu og þekkingu sem gerir þeim kleift að lifa innihaldsríku lífi.

Kennarar, annað starfsfólk skólans, nemendur frá móttökulandinu, foreldrar og aðrir, koma öll að menntunarvegi barna á flóttu. Þess vegna er mikilvægt að útvega kennurum og öðrum sem gegna lykilhlutverki í skólaumhverfinu grundvallarþekkingu á aðstæðum fólks á flóttu og varpa ljósi á þau vandamál og áskoranir sem þau gætu staðið frammi fyrir. Slíkt stuðlar að uppbyggilegu námsumhverfi án aðgreiningar.

Auktu þekkingu þína á flóttafólki

Við mælum með því að **tekið sé eitt skref í einu** við kennslu flóttafólks og einnig þegar kennt er um flóttafólk. Byrjaðu á að búa til þinn eigin “þekkingar pýramída” og kynntu þér undirstöðuatríðin vel áður en þú ferð yfir í staðreyndir, tölur og annað flóknara efni.

Lestu í gegnum leiðbeiningarnar hér fyrir neðan og fylgdu skrefunum eins og gefið er til kynna. Hafðu aðferðir til að útskýra hugtökin (í kössunum hér fyrir neðan) í huga þegar þú setur saman kennsluáætlun og þegar þú ferð að kenna.

Fyrsta skref – Orð skipta máli

Flóttafólk, hæli og fólksflutningar eru flókin hugtök en það er hægt að skilgreina þau auðveldlega ef maður skilur ákveðin grunnatriði varðandi fólk á flótta.

Það er mikilvægt að þú skiljir skilgreiningarnar á eftirfarandi **fjórum flokkum** fólks á flótta. Flokkarnir eru undirstöðuatríði frekari þekkingar nemendanna á efninu.



Til að öðlast kennslufræðilegan skilning á þessum mismunandi flokkum fólks á flótta er ráðlagt að hafa eftirfarandi spurningar ávallt í huga:

1. Hvert flutti fólkíð?

Eru þau enn í sínu landi eða eru þau í öðru landi?

2. Hvers vegna fluttust þau?

Fluttu þau vegna þess að þau voru í hættu og höfðu engra annarra kosta vö?

3. Hvaða rétt hafa þau?

Hvað segja lög innanlands sem og alþjóðleg lög? Er hægt að senda þau aftur til síns lands? Hafa þau rétt á að fá vinnu eða menntun í nýja landinu?

Ef við styðjumst við þessar spurningar þá getum við í kjölfarið fundið svör fyrir hvern flokk fólks á flótta.

FLÓTTAFÓLK



HVAR?

Samkvæmt skilgreiningu er flóttafólk staðsett **utan síns heimalands**. Það hefur farið yfir a.m.k. ein alþjóðleg landamæri.

HVERS VEGNA?

Flóttafólk hefur flutt vegna þess að það var í **hættu** vegna stríðs, ofbeldis eða ofsókna. Flóttafólk er *tilneytt* til að færa sig. Það þýðir að það átti engra annarra kosta vöð en að koma sér í burtu, annars væri það áfram í hættu.

RÉTTINDI?

Samkvæmt alþjóðlegum lögum má **ekki** senda flóttafólk aftur til lands síns ef það setur það í hættu vegna stríðs, ofbeldis eða ofsókna. Þá á rétt á að vera áfram í móttökulandi sínu. Flóttafólk hefur einnig rétt á að vinna í móttökulandinu, rétt á heilbrigðisþjónustu, menntun, að hafa aðstöðu þar sem það getur búið, og fleiri grundvallarréttindi svo sem tjáningarfrelsi og trúarfrelsi.

FARANDFÓLK



HVAR?

Samkvæmt skilgreiningu er farandfólk staðsett **utan síns heimalands**. Það hefur farið yfir a.m.k. ein alþjóðleg landamæri. Farandfólk er skilgreint sem slíkt vegna þess að það er ekki í heimalandi sínu.


HVERS VEGNA?

Farandfólk hefur yfirgefið heimaland sitt vegna **annarra ástæðna en út af stríði, ofbeldi eða ofsókna**. Þetta eru grundvallaratriðin sem aðskilur það frá flóttafólki. Farandfólk gæti í raun snúið aftur til síns heima. Engu að síður eru eflaust góðar ástæður fyrir því að það flutti frá heimalandi sínu. Sumt farandfólk hefur flust til að vinna löglega í öðru landi, vegna þess að það vill sameinast fjölskyldu sinni eða öðlast menntun. Aðrar ástæður svo sem fátækt, náttúruhamfarir og matarskortur gætu líka verið ástæða fyrir flutningum.

RÉTTINDI?

Flest lönd og sum svæðisbundin samtök stjórna ferðum farandfólks með eigin lögum um fólksflutninga. Svo dæmi sé tekið bjóða sum lönd fólki tækifæri á að flytja löglega til landsins, til þess að vinna eða sækja menntun eða til að sameina fjölskyldur. Þetta fyrirkomulag er frábrugðið alþjóðalögum sem vernda flóttafólk.

FÓLK Á FLÓTTA INNANLANDS



HVAR?

Samkvæmt skilgreiningu er fólk sem er á flóttan innanlands **enn í sínu heimalandi**. Það gæti hafa fært sig frá einum stað til annars innan landsins síns en það hefur ekki farið yfir nein alþjóðleg landamæri.

HVERS VEGNA?

Fólk sem er á flóttan innanlands hefur flutt frá heimilum sínum vegna þess að það var í **hættu** vegna stríðs, ofbeldis eða ofsókna. Líkt og flóttafólk, hefur þetta fólk einskis annarra kosta vöð en að flygja aðstæður, annars væri það áfram í hættu. Öfugt við flóttafólk þá flyst þetta fólk til annars staðar *innan síns heimalands* til að finna skjól og öruggar aðstæður.

RÉTTINDI?

Fólk á flóttan innanlands heldur sig innan landamæra síns heimalands og er því enn **undir vernd og lögum ríkisstjórnar landsins** jafnvel þó svo að ríkisstjórnin sé ástæðan fyrir því að fólk er á flóttan, til dæmis vegna þess að ríkisstjórnin stendur fyrir ofsóknum á ákveðnum hópum landsins.

Fólk á flóttan innanlands flytur oft til svæða þar sem erfitt getur verið fyrir stofnanir eins og UNHCR að veita mannúðaraðstoð. Vegna þessara ástæðna er fólk á flóttan innan eigin landamæra oft í afar viðkvæmri stöðu.

Athugasemdir um orðið 'ofsóknir'

Ofsóknir geta tekið á sig ýmsar myndir og orðið til þess að fólk af hvaða stétt sem er neyðist til að flygja.

Í Flóttamálasáttmálanum frá 1951 segir að manneskja flokkist sem flóttamaður ef hún *“lifir í stöðugum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, vegna þess að hún tilheyrir tilteknum hópi innan þjóðfélagsins eða hefur ákveðnar stjórnmalaskoðanir eða vegna þess að manneskjan býr í landi þar sem hún hefur ekki ríkisfang og hefur vegna ótta ekki tök á, eða vill ekki nýta sér vernd þessa lands.”*

Til að nefna nokkur dæmi um hvað “ofsóknir” eru í þessu samhengi; fólk getur verið sett í fangelsi, því verið misþyrmt, sært eða eitthvað verra, vegna kynþáttar síns, trúarbragða, þjóðernis, stjórnmalaskoðana eða vegna þess að það tilheyrir ákveðnum hópi fólks innan samfélagsins. Þegar svo er, og manneskjan hefur farið yfir a.m.k. ein alþjóðleg landamæri, þá telst sá hinn sami/sama vera flóttamaður samkvæmt viðmiðum í alþjóðalögum.

UMSÆKJENDUR UM ALPJÓÐLEGA VERND



HVAR?

Samkvæmt skilgreiningu eru umsækjendur um alþjóðlega vernd **utan síns heimalands**. Þeir hafa farið yfir a.m.k. ein alþjóðleg landamæri. Þess vegna eru umsækjendur um alþjóðlega vernd í öllum tilfellum utan síns heimalands, líkt og flóttafólk og fólk á flótti.

HVERS VEGNA?

Umsækjendur um alþjóðlega vernd leita eftir vernd í öðru landi. Þetta þýðir að **við vitum ekki enn sem komið er hvort þeir séu flóttafólk** eða hvort þeir falli í aðra flokka fólks á flótti. Það að sækja um vernd í öðru landi en þínu eigin þýðir að þú ert að biðja annað land um alþjóðlega vernd frá hættum eins og stríði, ofbeldi og ofsóknum.

Oftast eru umsækjendur um alþjóðlega vernd að leitast eftir því að vera viðurkenndir sem flóttafólk vegna þess að þeir eru *utan* síns heimalands, vegna þess að þeir eru að flýja *hættu* (stríð, ofbeldi, ofsóknir) og vegna þess að þeir eru í hættu ef þeir eru *sendir til baka* til síns heimalands – sjá skilgreiningu á flóttafólki.

RÉTTINDI?

Það að sækja um vernd í öðru landi eru **mannréttindi**. Flest lönd í heiminum eru með einhvers konar móttökuferli svo hægt sé að ákvarða hvort einstaklingar sem koma frá öðrum löndum og segjast vera í hættu flokkast sem flóttafólk. Þetta felur í sér að kanna skjöl og aðrar upplýsingar svo hægt sé að taka ákvörðun um veitingu verndar. Í mörgum tilfellum er einnig stuðst við viðtöl til að fá betri mynd af sögu fólks sem óskar eftir alþjóðlegri vernd.

Athugasemdir við orðið 'alþjóðleg vernd'

Þegar leitað er að skjölum um flóttafólk, kemur hugtakið “alþjóðleg vernd” oft upp. Hugtakið kemur úr alþjóðlegum lögum um flóttafólk. Í þessu tilfelli þýðir “vernd” einfaldlega að fólk sem flýr hættur í heimalandi sínu, hefur rétt á að dvelja í öruggum aðstæðum og njóta grundvallarréttinda í öðru landi, og að það megi ekki senda fólkið til baka ef það stofnar því í hættu. Gott er að hafa þessa þætti í huga þegar fjallað er um hugtakið alþjóðleg vernd.

RÉTTINDI FLÓTTAFÓLK



Flóttafólk nýtur verndar alþjóðlegra laga.

Flóttamannasáttmálinn frá 1951 og siðareglur hans frá 1967 eru grundvallargögn alþjóðlegs lagakerfis um vernd flóttafólks.

Alls eru 149 ríki aðilar að sáttmálanum, siðareglunum eða hvort tveggja. Í þessum alþjóðlegu, lagalegu gögnum er gert grein fyrir hugtakinu “flóttafólk” og réttindum þess, auk lagalegri skyldu ríkja til að vernda það.

Munið, við skilgreindum flóttafólk sem: fólk sem er *utan* síns heimalands, fólk sem er að flýja *hættu* (stríð, ofbeldi eða ofsóknir) og fólk sem er í hættu ef það er *sent til baka* til síns heimalands.

Lykilatriði sáttmálans frá 1951 er bann við að senda flóttafólk aftur til heimalands síns ef það kallar eftir aðstoð í neyð:

Það má ekki senda flóttafólk til heimalands síns þar sem það gæti staðið frammi fyrir alvarlegum ógnum við líf þess og frelsi við komu til landsins.

Auk þessara réttinda flóttafólks veitir sáttmálinn þeim félagsleg og efnahagsleg réttindi, svo sem rétt til vinnu í móttökulandinu, rétt á heilbrigðisþjónustu, menntun og rétt á búsetu. Þar að auki hefur það fleiri mikilvæg réttindi eins og tjáningarfrelsi og trúfrelsi.



Orð skipta máli: efni á netinu

Til að fræðast meira um grundvallarhugtök, skoðið síðuna [Orð skipta máli](#) á kennsluvefnum og horfið á meðfylgjandi [myndskaið](#) fyrir hvert hugtak.

unhcr.org/teaching-about-refugees.html#words

Orð skipta máli - samantekt

	flóttafólk	farandfólk	umsækjendur um alþjóðlega vernd	fólk á flótta innanlands
HVAR?	UTAN SÍNS HEIMALANDS	UTAN SÍNS HEIMALANDS	UTAN SÍNS HEIMALANDS	Í SÍNU HEIMALANDI
HVERS VEGNA?	Á FLÓTTA UNÐAN HÆTTU (STRÍÐI, OFSÓKNUM)	Á FLÓTTA VEGNA ANNARRA ÁSTÆÐNA	ÁSTÆÐUR FYRIR FLÓTTA ÓLJÓGAR	Á FLÓTTA UNÐAN HÆTTU (STRÍÐI, OFSÓKNUM)
ENDURKOMA?	Í HÆTTU EF ÞAÐ KEMUR AFTUR TIL HEIMALANDSINS	GÆTU SNÚID AFTUR (EKKI Í BRÁÐRI HÆTTU)	FER EFTIR ÚRSKURÐI MÓTTÖKULANDS	Í HÆTTU EF ÞAÐ FER AFTUR TIL BAKA
RÉTTINDI?	MÁ EKKI SENDA TIL BAKA	FER EFTIR LÖGUM ER VARÐA FARANDFÓLK	FER EFTIR ÚRSKURÐI MÓTTÖKULANDS	HEYRA ENN UNDIR LÖG OG REGLUR HEIMALANDSINS

SKREF 2 - STAÐREYNDIR SKIPTA MÁLI

Flóttafólk, umsækjendur um alþjóðlega vernd og fólk sem er á flótta innanlands má finna um allan heim. Mörg lönd og ýmsar stofnanir hafa tekið að sér þá ábyrgð að hjálpa og taka á móti því. Því er mikilvægt að þú skiljir staðreyndir og töluleg gögn um flóttafólk **fyrst á alþjóðavísu og svo á staðbundnari hátt**. Þessi nálgun gerir þér kleift að aðlaga námsefnið betur að nemendum þínum.



Dreifing fólks á flótta er mjög misjöfn eftir landsvæðum. Það gæti komið þér á óvart hvað sum lönd taka á móti mörgum flóttamönnum þrátt fyrir takmarkaða getu til þess, á meðan önnur lönd sem taka á móti mun færri einstaklingum, deila innbyrðis um að veita flóttafólki lágmarks aðstoð og vernd.

Hlutlægar upplýsingar frá áreiðanlegum heimildum munu gefa rétta mynd af stöðu flóttafólks fyrir nemendur þína.

Mikilvægt er að styðjast við **vandaðar og nýlegar upplýsingar** og kynna efnið fyrir nemendum þínum á þann hátt sem hentar viðeigandi aldurshópi.

Gögnin í Kennarahandbókinni eru tekin saman og sannreynd af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og er efnið uppfært reglulega svo það endurspegli stöðuna á þvinguðum fólksflutningum, á sem réttmætastan hátt.

Hafa þarf eftirfarandi spurningar í huga þegar efnið er kennt

1. **Hvaðan kemur** flest það fólk sem er þvingað til að leggja á flótta?
2. **Hvert fer það?**

HVAÐAN KEMUR FLÓTTAFÓLK?



Heimurinn stendur frammi fyrir fordæmalausri krísu þegar kemur að þvinguðum fólksflutningum. Fjöldi þeirra sem verða fyrir áhrifum þvingaðra fólksflutninga (flóttafólk, umsækjendur um alþjóðlega vernd og fólk á flóttan innanlands) á heimsvísu hefur *tvöfaldast*, frá því að vera 41 milljón árið 2011 í að vera 82 milljónir árið 2020. Tölur yfir þvingaða fólksflutninga hafa aldrei verið eins háar frá því í seinni heimsstyrjöldinni.

Hvernig komumst við á þennan stað?

Á öðrum áratug 21. aldar er stærsti hluti flóttafólks í heiminum að koma frá tiltölulega fáum löndum sem hafa orðið fyrir átökum eða ofbeldi í nokkur ár eða jafnvel í áratugi, til dæmis frá Afganistan, Mið-Afríku Lýðveldinu, Lýðveldinu Kongó, Írak, Sómalíu, Suður Súdan og Jemen. Um það bil *tveir þriðju* alls flóttafólks í heiminum koma frá einungis fimm löndum.

Mörg af þessum “gömlu” átökum hafa enn ekki verið leyst og eru jafnvel enn í gangi eða að blossa upp öðru hverju sem veldur nýrri flóttamannabylgju. Auk þessa langvarandi neyðarástands flóttafólks hafa ný átök hrundið af stað þvinguðum fólksflutningum í massavís frá löndum eins og Mjanmar og Venesúela.

Hafa þarf eftirfarandi atriði í huga þegar kennt er um hvaðan flóttafólk kemur

Þegar farið er yfir staðreyndir og töluleg gögn um þvingaða fólksflutninga er mikilvægt að þú kennir nemendum þínum um:

Hnattrænt umfang áskorunarinnar sem þvingaðir fólksflutningar eru og hvernig það hefur þróast í sögulegu tilliti til dagsins í dag.

Þau **fáu lönd** sem langflest flóttafólk kemur frá, samkvæmt nýjustu gögnum frá 2021.

HVERT FER FLÓTTAFÓLK?



Í sumum móttökulöndum er rætt um að það sé of mikið af flóttafólki og að getan til að taka á móti fólki sé á þrotum.

Töluleg gögn setja dreifingu flóttafólks um heiminn þó í rétt samhengi og er því hægt að **taka fyrir viðvarandi mýtur** um flóttafólk.

Hér eru nokkrar mikilvægar staðreyndir sem þú getur stuðst við til að setja hreyfingu flóttafólks í rétt samhengi þegar þú kynnir efnið fyrir nemendum þínum.

Mikilvægt að hafa í huga

Meirihluti þeirra sem hafa verið neydd á flótta eru enn í sínu eigin landi. Þau eru á flótta innanlands og eru ekki hýst í öðru landi. Undanfarin ár hefur fjöldi þeirra sem er á flótta innanlands verið tvöfaldur fjöldi alls flóttafólks í heiminum.

Lang stærsti hluti flóttafólks í heiminum sest að í þróunarlöndum, ekki í iðnvæddum löndum. Hlutfall þess flóttafólks sem fær aðsetur í þróunarlöndum hefur verið um 90% undanfarin ár. Það þýðir að aðeins einn af hverjum tíu flóttamönnum fær aðsetur í iðnvæddum móttökulöndum og landsvæðum.

Nágrannalönd taka á móti flestu flóttafólki. Flest flóttafólk fær aðsetur í löndum sem liggja nálægt þeirra eigin landi. Margir vilja ekki ferðast langar vegalengdir í von um að snúa aftur til heimalandsins þegar það er orðið öruggt. Marga skortir einnig fjármagn eða líkamlega getu til að leggjast í hættuleg ferðalög til fjarlæggra landa.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd eru einungis smár hluti þeirra sem neydd eru á flótta. Fjöldi þeirra sem sækja um skjól í öðru landi og hefur ekki verið úthlutað skjól er lítill miðað við fjölda flóttafólks og þeirra sem eru á flótta innanlands í heiminum.

FLÓTTAFÓLK Í SAMFÉLAGINU MÍNU



Alþjóðleg töluleg gögn um fólk sem er neytt á flóttu gætu virst afstæð fyrir nemendur þína.

Það gæti verið þess virði fyrir þig að athuga staðbundnar tölur og staðreyndir varðandi flóttafólk, umsækjendur um alþjóðlega vernd og fólk sem er á flóttu innanlands til að gera efnið aðgengilegra fyrir nemendur þína.

Hafðu í huga að þessar upplýsingar eru ekki alltaf til staðar. Gakktu einnig úr skugga um að þær upplýsingar sem þú finnur séu nýlegar og réttar. **Skoðaðu heimildir þínar vel, notaðu gagnrýna hugsun** og notaðu *hver, hvað og hvers vegna aðferðina* þegar þú skoðar heimildir um þvingaða fólksflutninga í samfélaginu þínu.

Skoðaðu einnig staðreyndir, til dæmis varðandi hvaðan flóttafólk í þínu samfélagi kemur, hvaða þjónusta er í boði fyrir það og hvar höfuðstöðvarnar sem sjá um málefni flóttafólks eru staðsettar.

Áreiðanlegar heimildir um flóttafólk í þínu samfélagi er mögulega hægt að finna hjá viðeigandi ráðuneytum og stofnunum sem sjá um málefni flóttafólks. Einnig alþjóðastofnunum eins og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna eða í sveitarfélaginu þínu. Margir fræðimenn og frjáls félagasamtök gefa einnig út áreiðanlegt efni.

Hafðu aðgát þegar kemur að heimildum sem ekki er auðvelt að sannreyna eins og færslur á samfélagsmiðlum og annað efni á netinu.



Staðreyndir skipta máli: Efni á netinu

Til að fræðast meira um grundvallarhugtök, skoðið síðuna [Orð skipta máli](https://www.unhcr.org/teaching-about-refugees.html#facts) á kennsluvefnum og horfið á meðfylgjandi [myndskreið](https://www.unhcr.org/teaching-about-refugees.html#facts) fyrir hvert hugtak.

[unhcr.org/teaching-about-refugees.html#facts](https://www.unhcr.org/teaching-about-refugees.html#facts)



UNDIRBÚNINGUR FYRIR KENNSLUSTUND: Safnaðu saman staðreyndum

Þegar þú ert að undirbúa kennsluna gæti verið góð hugmynd að hafa nokkrar lykilstaðreyndir í huga þegar nemendur þínir spyrja spurninga. Þessar staðreyndir og tölulegu gögn geta einnig komið að notum þegar þú ræðir hugmyndir og staðhæfingar við nemendur þína sem gætu verið rangar.

Búðu til lista af staðreyndum sem koma á óvart

Áður en þú undirbýrð kennslustundirnar skaltu skoða staðreyndir og töluleg gögn sem komu þér á óvart. Skoðaðu tölulegar upplýsingar á alþjóðavísu en einnig upplýsingar sem eiga sérstaklega við þitt land er varða flóttafólk, umsækjendur um alþjóðlega vernd, fólk á flótta innanlands og ríkisfangslaust fólk. Mundu eftir skilgreiningunum í Orð skipta máli kaflanum og skoðaðu staðreyndirnar og tölulegu gögnin aftur. Reyndu að hugsa um hvar fólkið sé, hvers vegna það þurfti að flytja og hvaða réttindi það hefur. Komu einhverjar upplýsinganna þér á óvart?

Búðu til lista af mögulegum misskilningi og fordómum

Næst skalt þú gera lista yfir staðreyndir og töluleg gögn sem þú heldur að nemendur þínir gætu misskilið. Hversu margir flóttamenn héldu þau að væru í heiminum í dag? Hvaðan héldu þau að fólkið kæmi? Hvert halda nemendurnir að fólkið fari?

Hugsaðu um leiðir til að innleiða þetta námsefni á grunni staðreynda og í takt við aðalnámskrá.

Athugaðu hvaða fordómar og ranghugmyndir eru í mótsögn við staðreyndir og töluleg gögn. Eru nemendur þínir að ofmeta eða vanmeta sumar tölurnar? Hafa þau einhverja vitneskju um upprunalönd flóttafólks? Vita nemendurnir hvaða réttindi flóttafólk hefur?



SKREF 3 - SÖGUR SKIPTA MÁLI



Skjáskot af myndskaiðinu Teaching About Refugees 'Omar's story'
© 2017 UNHCR/Daniel Demoustier

Orð, staðreyndir og tölur nægja oft ekki til að draga upp raunverulega mynd af lífi fólks sem er neytt á flóttu. Þess vegna mælum við með því að þú gerir ráð fyrir **a.m.k. nokkrum reynslusögum af flóttafólki** í námsáætlun þinni.

Hafa skal eftirfarandi atriði í huga við val á reynslusögum flóttafólks fyrir námsefni þitt

Skoðaðu heimildirnar vel

Þegar þú ert að leita að og velja myndskaið, greinar og annað efni, passaðu þig að beita gagnrýnni hugsun og nota einungis sögur flóttafólks sem eru *sannar* og koma frá áreiðanlegum heimildum.

Veldu einungis aldursmiðað efni

Farðu varlega þegar kemur að því að kynna efnið fyrir nemendum þínum. Efnið ætti alltaf að vera aldursmiðað. Passaðu þig að sýna þeim ekki né lýsa fyrir þeim atburðum sem gætu valdið þeim vanlíðan.

Aðlagðu margbreytileikann að þínum nemendahópi

Gakktu einnig úr skugga um að sögurnar séu ekki of flóknar fyrir aldurshópin sem þú ert að kenna. Það gæti verið góð aðferð að sýna sögur sem nemendur geta tengt við, annað hvort vegna þess að fólkið er á sama aldri og þau eða vegna þess að þau deila sömu áhugamálum.

Athugaðu höfundarrétt

Sumt efni gæti verið undir ströngum reglum er varðar höfundarrétt og gæti því verið ómögulegt að nota það sem kennsluefni. Athugaðu hvort þú hafir leyfi til að nota efnið sem þú hefur áhuga á að nota í kennslustundum.



Reyndu að nota sögur sem varpa ljósi á eftirfarandi:

Ástæður fyrir því að fólk leggst á flóttu og hvaða hættum það stóð frammi fyrir í heimalandi sínu þegar það ákváð að flýja land. Var stríð? Varð það fyrir ofsóknum? Var ofbeldi beitt?

Leiðin að öryggi. Það að yfirgefa heimili sitt til að komast í öruggt umhverfi eða til öruggari staðs í öðru landi getur verið mjög hættulegt. Hvernig ferðast fólk á flóttu? Fór það fótgangandi eða á bíl? Þurfti það að greiða smyglara til að komast úr landinu? Hvernig lifði það ferðalagið af? Hverju var það á flóttu undan?

Koma til móttökulandsins. Þegar ferðalaginu er lokið og fólk hefur komist á áfangastað stendur flóttafólk frammi fyrir mikilli óvissu varðandi framtíð sína. Margir eiga í erfiðleikum með að afla sér tekna. Fólk þarf að aðlagast nýju tungumáli, menningu, venjum og siðum. Hvernig eru lífnaðarhættir þeirra núna? Hvernig lifur þeim með nýja umhverfið sitt?



Sögur skipta máli: efni á netinu

Til að fá innblástur um sögur flóttafólks getur þú skoðað [kaflann um fjölmiðlaefni](#) og svo getur þú valið myndskreið á [Youtube rás UNHCR](#).

unhcr.org/teaching-about-refugees.html#media

Ef þú hefur ekki tíma til að finna viðeigandi efni, þá mælum við með að þú notir æfingar úr myndskreiðum úr [kaflanum um aldurs viðeigandi efni](#).

unhcr.org/teaching-about-refugees.html#materials

SKREF 4 - AÐ KENNA FLÓTTAFÓLKI

Vegna þess fjölda fólks sem neyðist til að flýja heimkynni sín eru sífellt fleiri börn með bakgrunn flóttafólks í skólum og bekkjum. Að kenna fólki sem hefur verið á flótta er ákveðin áskorun. Hafðu þær áskoranir sem kennarar geta rekist á í huga þegar þú kennir krökkum sem hafa verið á flótta, burtséð frá því á hvaða námsstigi nemandinn er.



Námsmat. Mörg börn og ungmenni á flótta hafa dregist aftur úr í námi vegna flóttans. Sum gætu hafa misst mörg ár úr skóla, ef þau hafa farið í skóla yfir höfuð.

Að leggja ítarlegt kennslufræðilegt mat á grunnfærni eins og læsi, talnakunnáttu og þekkingu á almennum fögum mun hjálpa skólanum þínum að koma börnum í viðeigandi bekk. Námsmat hjálpar einnig til við að ákvarða hvort börn hafi einhverjar viðbótarþarfir eins og endurmenntun, flýtimenntun eða jafnvel grunnmenntun í læsi og stærðfræði. Læsi getur einnig verið áskorun í þeim tilfellum þar sem nemendur hafa lært að lesa og skrifa með öðru letri en notast er við í skólanum.

Gakktu úr skugga um að þú fáið að *vita eins mikið og þú getur* um nemendur á flótta sem gætu lent í bekk hjá þér. Ef mögulegt er skaltu skoða yfirlit yfir námsferil þeirra og ræða það við samstarfsfélagana eða stjórnendur í skólaumhverfinu.

Tungumál. Flestir nemendur sem hafa verið á flótta verða að læra tungumál móttökusamfélagsins áður en þeir geta byrjað að læra í nýja umhverfinu. Mikilvægt er að skólar og menntayfirvöld bjóði nemendum með bakgrunn flóttafólks upp á öflugt tungumálanám. Sérhæfðir kennarar geta veitt slíka kennslu sem viðbót við námsskrá nemenda eða í óformlegu námsumhverfi, en í mörgum tilfellum fá nemendur sem hafa verið á flótta fyrst tungumálakennslu að hluta til, eða í algjörlega aðskildum undirbúningsbekkjum eða í einskonar “móttökubekkjum.”

Burtséð frá undirbúningsbekkjunum eða þeirri tungumálakennslu sem notuð er í skólanum þínum, munu nemendur sem hafa verið á flótta standa frammi fyrir áskorunum áfram vegna þess að þeir eru enn að fullkomna þekkingu sína á tungumálinu sem stuðst er við í skólanum. Sem kennari nemenda sem hafa verið á flótta, er mikilvægt að *vita nokkur grunnatriði* um tungumálakennslu.

Það tekur mjög langan tíma að læra tungumál nógu vel til að geta stundað formlegt nám á því tungumáli. Mikilvægt er að þú þekkir muninn á nemendum sem *virðast skilja* og þeim sem *raunverulega skilja* það sem þú ert að reyna að kenna þeim. Í slíkum tilfellum gæti verið gagnlegt að notast við kennslutækni sem gerir þér kleift að gera grein fyrir viðfangsefninu á skilmerkilegri hátt.

Áskorunin sem fylgir því að aðlagast nýju umhverfi. Hafðu í huga að börn sem hafa verið á flótta gætu komið frá löndum með gjörólíkar hefðir hvað varðar menntun. Þau gætu verið vön ólíkum kennsluáætlunum, námsskrá, siðum og náms- og matsaðferðum. Þetta þarf að taka með í reikninginn þegar nemendurnir eru metnir og teknir inn í undirbúningsbekki og venjulega bekk.

Hægt er að koma í veg fyrir allskyns misskilning með því að veita nemendum sem hafa verið á flótta eins mikið af upplýsingum og hægt er um skólaárið. Þá er einnig mikilvægt að skipuleggja skólastarf sem miðar að því að bjóða ný börn velkomin t.d. með því að nota verkefni sem snúast um að þekkja nöfn hvers annars á mismunandi tungumálum. Þá er einnig mikilvægt að skapa tækifæri fyrir þau til að hittast í skólanum og gera eitthvað sem tengist ekki náminu. Það gæti verið góð hugmynd að hafa foreldra og systkini með í þessu ferli ef þau eru tilbúin að taka þátt í skólastarfi.

Áskoranir vegna streitu og geðheilsu. Mörg börn sem hafa verið á flótta hafa upplifað skelfilega atburði. Þau gætu hafa orðið fyrir ofbeldi eða misnotkun í heimalandi sínu. Mörg hafa upplifað hættuleg ferðalög til að komast til öruggs lands, hafa jafnvel verið í höndum smyglara og í lífshættu. Þetta getur hafa valdið þeim mikilli streitu eða alvarlegum kvillum eins og áfallastreituröskun (PTSD – post traumatic stress disorder).

Oft gleymist að taka til greina mögulegar uppsprettur streitu eða áfalla hjá börnum sem hafa verið á flótta, en *heimilisaðstæður þeirra þegar þau koma til móttökulandsins* geta oftast en ekki átt mikinn þátt í því. Mörg barnanna dvelja töluvert lengi í einhverskonar móttökuaðstöðu fyrir flóttafólk og fólk í leit að alþjóðlegri vernd (tjaldbúðum eða sameiginlegu tímabundnu húsnæði) þar sem lífskjör geta verið

krefjandi.

Á mörgum stöðum býr fólk mjög þétt saman með lítið sem ekkert næði og oft enga almennilega aðstöðu til að læra eða sinna heimanámi. Margir nemendur sem hafa verið á flótta búa í ófullnægjandi húsnæði og hafa mögulega skert aðgengi að félagslegum úrræðum og aðstoð. Í einhverjum tilvikum gætu nemendur þínir með bakgrunn flóttafólks búið við ofbeldi og misnotkun.

Slík reynsla getur valdið miklum truflunum og raskað getu barna til að læra. Ef þau þjást af áfallastreitu eða geðrænum vanda munu þau líklega ekki geta einbeitt sér að því sem þau þurfa að læra. Hegðun þeirra gæti þá einnig haft neikvæð áhrif á andrúmsloftið í bekknum og valdið truflunum á námi og vellíðan annarra barna.

Augljóslega þarft þú sem kennari að láta geðheilbrigðisstarfsmenn um meðferð á börnum og ungmennum sem þjást af streitu eða áföllum. *Kennarar eru ekki sálfræðingar.* Hins vegar hjálpar að hafa grunnþekkingu á hugsanlegum einkennum streitu og áfalla. Það gerir þér kleift að taka upplýstar ákvarðanir um hvort það sé tilefni til að leita aðstoðar hjá fagaðila varðandi geðheilbrigðisráðgjöf.

Mörg, ef ekki mikill meirihluti geðrænna vandamála nemenda sem hafa verið á flótta batna þegar þau komast í öruggt og uppbyggilegt námsumhverfi sem skólinn býður upp á. En þú þarft að vera viðbúin(n) að grípa í taumana þegar það koma upp vandamál.

Hvernig skal takast á við áskoranir sem tengjast nemendum sem hafa verið á flótta

Mikilvægt er að styðjast við siðareglur kennara og skólans. Gefðu eins virka endurgjöf og þú getur og virkjaðu fleiri aðila innan skólans til að vinna saman að því að aðlagast kennslu og námsáætlanir að þörfum nemenda með bakgrunn flóttafólks. Slíkt mun stuðla að vellíðan nemenda og auka möguleika þeirra á að ná góðum tókum á námi sínu.



Að kenna fólki á flóttu: Efni á netinu

Til að ljúka þessum kafla skaltu skoða það hvernig á að [virkja flóttafólk innan bekkjarins](#) á kennsluvefnum.

Lestu í gegnum [leiðarvísinn um innleiðingu nýs tungumáls](#) til að læra meira um hverju þú getur átt von á frá nemendum sem hafa verið á flóttu og eru að læra nýtt tungumál.

Lestu þér einnig til um streitu og áföll í [handbók Flóttamannastofnunar SP fyrir kennara um streitu og áföll](#), sem og [fræðilegt efni sem miðstöð Harvard gefur út um þroska barna](#).

unchr.org/teaching-about-refugees.html#including

Móttaka flóttafólks kallar á að virkja allan skólann í heild sinni. Hægt er að fræðast um slíka nálgun í leiðbeiningunum um [kennsluefni sem hæfir aldri](#) sem má finna á vefsíðu Flóttamannastofnunarinnar.

unchr.org/teaching-about-refugees.html#materials

Ef þú hefur ekki tíma til að finna efni sem hæfir aldrinum sem þú ert að kenna, mælum við með því að nota æfingarnar í myndskreiðunum sem má finna á [vefsíðu Flóttamannastofnunar SP](#).

unchr.org/teaching-about-refugees.html#materials

SKREF 5 - AÐ SETJA SAMAN KENNSLUÁÆTLUN



Gakktu úr skugga um að kennsluáætlunin þín passi við námsskrá skólans

Þegar þú ert að skipuleggja kennslustundir þínar er mikilvægt að þú styðjist eins og kostur er við aðalnámsskrá og nýtir efni þaðan til stuðnings. Efnið sem boðið er upp á í Kennsluhandbókinni er hannað til að vera eins sveigjanlegt og hægt er og til að auðvelt sé að bæta því inn í fjölbreytilegar kennsluáætlanir.

Búðu til sérsniðna kennslugagnaskrá

Við viljum einnig hvetja þig til að reiða þig ekki einungis á kennsluefni Kennsluhandbókarinnar ef það hentar kennsluáætlun þinni ekki nógu vel. Til dæmis þegar þú ert einnig að kenna um mannréttindi í sömu kennslulotu.

Kennarar ættu að setja saman það kennsluefni sem þeim líst best á þegar kennt er um flóttafólk, svo lengi sem það sem kynnt er fyrir nemendum sé byggt á staðreyndum og hæfir aldri þeirra.



Til að aðstoða þig við skipulagningu kennslustunda látum við ákveðið Word sniðmát fyrir kennsluáætlun fylgja með sem auðvelt er í notkun. Þú getur hlaðið sniðmátnu niður ef þú telur að það muni gagnast þér. Aðlagðu sniðmátið eins og þér sýnist til að undirbúa kennslustundir þínar.

Hægt er að hlaða kennsluáætlunarsniðmátnu niður á [vefsíðunni um kennslu um flóttafólk](#). Athugaðu að þú mátt breyta sniðmátnu eins og þér sýnist (það eru engar höfundarréttartakmarkanir).

unhcr.org/teaching-about-refugees.html#lesson

SKREF 6 - GRIPID TIL AÐGERÐA



Margir skólar og kennslustofnanir hafa hefð fyrir því að grípa til aðgerða til að hjálpa fólki í sínu samfélagi og taka þátt í góðgerðarstarfsemi, sjálfböðastarfi eða þjónustunámi. Að grípa til aðgerða til að hjálpa flóttafólki í þínu samfélagi gæti verið mjög góð leið til að hvetja nemendur þína, foreldra þeirra og aðra til að koma á fót staðbundnum verkefnum. Þessi átaksverkefni geta svo tengst starfsemi um fræðslu um flóttafólk og fyrir flóttafólk eða annað fólk sem er á flótta.

Hugsaðu staðbundið

Áður en þú grípur til aðgerða með nemendum þínum eða skólanum til að aðstoða fólk á flótta, mælum við með því að þú hafir samband við samtök fólks á flótta í þínu heimalandi eða samtök sem veita flóttafólki aðstoð í þínu samfélagi.

Þau munu geta sagt þér á hverju þau þurfa að halda og hvernig best sé fyrir þig að grípa til aðgerða sem samsvara þeirra þörfum. Þetta kemur í veg fyrir að þú takir frumkvæði sem er kannski ekki eins áhrifaríkt og þú hefur viljað.

Það væri góð byrjun að athuga hvort það séu einhverjir ákveðnir staðir í þínu samfélagi þar sem flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd dvelur t.d. við nám eða dægradvöl. Spyrðu stjórnendur eða íbúa á þessum stöðum hvort þau séu til í að vinna með skólanum þínum og styðja við frumkvæði þitt.

Hafðu aldurshæfi í huga

Gakktu úr skugga um að þú vinnir alltaf á þann hátt er hæfir aldri þeirra sem þú ert að kenna og á hátt sem gagnast bæði nemendum þínum og flóttafólkinu sem þú munt vinna með.



Gripid til aðgerða til að hjálpa flóttafólki: Efni á netinu

Þú getur fundið innblástur fyrir alls kyns starfsemi í leiðarvísinum um skólastarfsemi í safni [kennsluefni er hæfa aldri](#) á vefsíðu Kennslu um flóttafólk.

unchr.org/teaching-about-refugees.html#materials

Til að fá frekari upplýsingar um þá einstaklinga og samtök sem veita flóttafólki og öðru fólki á flótta aðstoð, getur þú horft á myndsskeiðið [Hver aðstoðar flóttafólk?](#) sem hægt er að finna í Orð skipta máli kaflanum, á vefsíðunni Kennsla um flóttafólk.

unchr.org/teaching-about-refugees.html#words

HANDBÓK FYRIR KENNARA



Teaching
About
Refugees

© 2023 Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna
Allur réttur áskilinn. Heimiluð eru afrit og þýðingar, svo og
notkun í fræðsluskyni, að því gefnu að höfundar (UNHCR) sé
getið.

Framleitt af:
Svæðisskrifstofu UNHCR í Evrópu
94 rue de Montbrillant
1201 Geneva, Switzerland
smets@unhcr.org

Þessi handbók er viðbót vefsíðu Flóttamannastofnunarinnar
Kennsla um flóttafólk:
<https://www.unhcr.org/teaching-about-refugees.html>

Leiðbeiningar fyrir kennara hannaðar af
Frederik Smets

Kennsla um flóttafólk, kennsluefni hannað af
Mialy Dermish og Frederik Smets

Myndir eftir Beyond Refuge CIC
Viðbótargrafík frá Adobe Stock

Myndskeið framleidd af
Daniel Demoustier og Frederik Smets

